

Reykjavík, 20. janúar 2020

R20010240

Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks

Efni:

***Fyrirspurn Flokks fólksins um óhindrað aðgengi
fatlaðs fólks um göngugötur í miðborginni***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar-, og lýðræðisráðs þann 9. janúar var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 11. lið fundargerðar sd:

Flokkur fólksins vill nota tækifærið hér og minna Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að nú hafa ný umferðarlög tekið gildi sb. 10. gr. 2019 nr.77 25. júní. Meðal nýmæla er undantekning frá akstursbanni um göngugötur sem felur í sér að bílar merktir með stæðiskorti fyrir hreyfihamlaða og bílar sem sinna akstursþjónustu fatlaðra mega nú nýta sér göngugötur og mega jafnframt leggja þar í merkt stæði. Flokkur fólksins spyr hvort borgin sé ekki að öllu leyti að virða þessi lög nú þegar vika er liðin síðan þau tóku gildi og hvort til standi að opna lokaðar göngugötur fyrir þeim bílum sem hafa nú heimildarkvæði samkvæmt nýjum umferðarlögum?

Vísað hér með til umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar. Óskað er eftir að svör berist innan þriggja vikna.

Virðingarfyllt

Elísabet Pétursdóttir

